

Sp.

52. Tillaga til þingsályktunar

[51. mál]

um könnun vélhjólasyssa.

Flm.: Helgi Seljan, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á tíðni, orsökum og afleiðingum vélhjólasyssa í umferðinni. Könnunin skal unnin á vegum heilbrigðisráðuneytis og dómsmálaráðuneytis. Skal álit skilað í skýrsluformi til næsta reglulegs Alþingis ásamt meðfylgjandi tillögum um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Greinargerð.

Í sumar hafa orðið nokkur blaðaskrif um tíðni og orsakir vélhjólasyssa og þá ekki síður alvarlegar afleiðingar þeirra. M. a. hafa hinir virtustu læknar ritað um málið og sýnt ljóslega fram á alvöru þess.

Öll umferðarmál okkar og óhöpp og slys þeim tengd eru raunar verðugt athugunarefni, og hvarvetna má sjá dæmi þess, að úrbóta er þörf í umferðarmenningu okkar sem vart á þó það heiti skilið. Mála sannast er auðvitað að þar er það hugarfarsbreyting ein sem haft gæti veruleg áhrif til góðs, þar sem aðgát og tillitssemi sæti í fyrirrúmi.

Vélhjólasyss eru e. t. v. aðeins einn þáttur þessa alvörumáls. En sé miðað við álit þeirra sem gerst þekkja til afleiðinganna, þá er full ástæða til að athuga þann þátt sérstaklega. Enginn dómur skal á það lagður, hvort vélhjólín séu meiri slysavaldar en önnur farartæki eða hvort tillitsleysið í umferðinni bitnar harðar á öikumönnum þeirra en öðrum.

En hitt er ljóst, að afleiðingar þessara slysa eru almennt alvarlegri en annarra, þó ekkert skuli þar úr dregið. Ýmsar spurningar vakna um aldursmörk, næga kennslu, öryggisbúnað allan og margt fleira sem könnun af þessu tagi getur leitt í ljós.

Og engin leið er að loka augunum fyrir þeirri vá, sem þarna er fyrir hendi, né skella skollaeyrum við því sem þeir segja um þessi mál sem eru í náninni snertingu við afleiðingarnar.

Flutningsmenn telja fulla nauðsyn að hreyfa þessu máli á Alþingi og fá fram lágmarksaðgerðir a. m. k. af hálfu opinberra aðila og munu gera nánari grein fyrir málinu öllu, álitu lækna og lögreglumanna í framsögu fyrir málinu. En umræða er til alls fyrst.